

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2001 frá 11. desember 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2001/4/EB frá 19. desember 2000 um breytingu á ákvörðun 95/408/EB um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tiltekna afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og tvískelja lindýr frá ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB frá 19. desember 2000 um breytingu á 14. kafla I. viðauka tilskipunar ráðsins 92/118/EBE varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins, sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/182/EB frá 8. mars 2001 um að fella úr gildi ákvörðun 93/351/EBE um greiningaraðferðir, sýnatökuáætlanir og hámarks magn kvikasilfurs í fiskafurðum ⁽⁴⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 40, skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki við um Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 22.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið í hluta 5.1 (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) og í 16. lið í hluta 8.1 (tilskipun ráðsins 92/118/EBE):

„- **32001 D 0007:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB frá 19. desember 2000 (Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 27).“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 40. lið í hluta 6.2 (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/471/EB):

„41. **32001 D 0182:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/182/EB frá 8. mars 2001 um að fella úr gildi ákvörðun 93/351/EBE um greiningaraðferðir, sýnatökuáætlanir og hámarks magn kvikasilfurs í fiskafurðum (Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 22), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 40.

Þessi gerð á einnig við um Ísland.“

3. Í hluta 6.2 falli texti 16. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/351/EBE) brott.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið í hluta 8.1 (ákvörðun ráðsins 95/408/EB):

„- **32001 D 0004:** Ákvörðun ráðsins 2000/4/EB frá 19. desember 2000 (Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 21).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/4/EB, 2001/7/EB og 2001/182/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 40, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann